

Dreifibréf nr. 07/2003/LS

Lyfjastofnun vill hér með vekja athygli á að heimiluð hefur verið sala Postinor taflna sem neyðargetnaðarvörn í lausasölu. Hámarks magn í lausasölu er ein pakkning (2 töflur).

Lyfjastofnun telur nauðsynlegt að lyfjafræðingar annist afgreiðslu lyfsins til þess að tryggja viðskiptavinum nauðsynlegar upplýsingar varðandi töku lyfsins til þess að koma í veg fyrir óhóflega, eða ranga notkun lyfsins. Ræða þarf við viðskiptavininn og kanna þarf fjölda daga frá samförum, aðra lyfjainntöku og benda á hugsanlegar aukaverkanir af lyfinu. Einnig væri þarft að fara í gegnum notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli og hugsanleg frávík í notkun.

Brýna þarf fyrir ungum stúlkum að ekki skuli nota lyfið sem getnaðarvörn og veita þeim upplýsingar um þær getnaðarvarnir sem í boði eru og má til þess nota bækling sem Landlæknisembættið hefur gefið út og ber heitið "Leiðbeiningar um getnaðarvarnir".

Þennan bækling má nálgast hjá prentsmiðjunni Odda hf.

Lyfjastofnun